

**Sp.**

**195. Tillaga til þingsályktunar**

[103. mál]

um ræðuritun á Alþingi.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Hannibal Valdimarsson, Jóhann Jósefsson,  
Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á forseta Alþingis og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til að koma ræðuritun á Alþingi í viðunandi horf, svo fljótt sem auðið er, með því að hafa einungis æfða hraðritara við innanþingsskriftir, og sé haft sem nákvæmast eftirlit með því, að þeir inni starf sitt vel af hendi.

**Greinargerð.**

Það er kunnugt, að ræðuritun á Alþingi er ekki í eins góðu lagi og vera skyldi. Er því umræðupartur Alþingistiðinda ekki sú heimild, sem ætti að vera og til er ætlað með útgáfu ræðnanna. Veldur því einkum það, að jafnhliða þeim tækni-kröfum í vinnubrögðum við ræðuritun, sem öðrum þjóðþingum þykir sjálfsagt að gera, eru önnur og úrelt vinnubrögð notuð, sem gefa oft mjög misjafnan árangur sem eðlilegt er. Enn fremur staðnæmast margir þingskrifrarar mjög stutt við þetta starf, og sífellt taka nýir og óæfðir menn við.

Útgáfa Alþingistiðinda hefur um nokkur undanfarin ár dregið mjög, en hefur nú á síðustu mánuðum færzt nær því en áður að komast í rétt horf. Mun mega vænta þess, að þegar því marki er náð, að umræðupartur þingtiðindanna verður gefinn út fljótlega eftir að ræðurnar eru haldnar, þá vaxi áhugi almennings fyrir lestri þingtiðindanna, og er þá aukin ástæða fyrir Alþingi að vanda ræðuritunina. En til þess að ræðuritunin geti orðið góð, þarf að leggja áherzlu á að hafa eingöngu æfða og dugandi hraðritara til starfsins. Jafnframt þarf að hafa eftirlit með því, að þeir inni starf sitt vel af hendi. Í erlendum þjóðþingum munu hraðritarar víðast hvar annast ræðuritun, og mun hvergi vera gerðar svo lágar kröfur til ræðuritunar, að ræður þingmanna séu teknar upp með venjulegri skriftaraðferð.

Samanburður á frammistöðu æfðustu og starfhæfustu hraðritara þingsins við starfsárangur skrifara, sem enga hraðritun nota, er sá eini samanburður, sem til mála getur komið, ef komast á að réttir niðurstöðu um gildi hraðritunar við ræðuritun. Það er þýðingarlaust að nota sem rök gegn tillögum til endurbóta, að einstaka hraðritara kann að hafa skort tækni eða almenna starfsgetu í þessu efni, og bera slíka þingritara saman við duglegustu skrifara úr hópi þeirra, sem ekki nota hraðritun. En þetta hefur þó þráfaldlega verið gert. Leggja þarf áherzlu á, að allir starfskraftar, sem fást við ræðuritun í þinginu, geti orðið á borð við þá, sem bezt hafa reynzt hingað til. — Alþingi á upptökutæki, og virðist einsætt að nota það til þess að prófa hæfni innanþingskrifara, hvers um sig, nægilega oft til þess að komast sem nákvæmast að, hvernig þeir inna starf sitt af hendi.

Alþingi þarf að stefna að því, að ræður þingmanna afbakist ekki í meðferð þingskrifara, að þingmenn geti fengið handritin mjög fljótt til yfirlestrar og að ræðupartur þingtiðindanna sé gefinn út á hverju ári fljótlega eftir að þingi er lokið. Sú aðferð, sem nú er tiltækilegust fyrir Alþingi til þess að ná þessum árangri, er að ráða aðeins æfða og dugandi hraðritara til þingskriftanna. Þegar það verður heyrin kunnugt, að slík stefna er tekin upp á Alþingi með festu, mun ekki reynast örðugt að fá nægilega marga vel hæfa hraðritara til þingskrifta.